

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps lýsir óánægju sinni með þjónustu Íslandspósts við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu. Er þar með komið á framfæri óánægju meðal íbúa.

Óhjákvæmilega hefur þjónusta Íslandspósts minnkað mjög með fækkun ferða. Til viðbótar fækkar ferðum óeðlilega þegar um almenna frádaga er að ræða. Auk þess þarf meiri fyrirvara en áður gerðist til að senda fjölpóst.

Sveitarstjórn skorar á stjórnendur Íslandspósts að huga að leiðum til að bæta þjónustuna.